Nd. **74. Frumvarp til laga**

um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi i Norðfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Ness í Norðfirði, sem ekki er þegar i eigu bæjarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumv., er ég flutti á síðasta þingi um þetta mál, en þá náði eigi fram að ganga. Allsherjarnefnd Nd., sem hafði málið til meðferðar, taldi þá ekki nægar upplýsingar liggja fyrir frá bæjarstjórn Neskaupstaðar um möguleika til kaupa á landinu án eignarnámsheimildar. Nú liggja upplýsingar þessar fyrir, og ætti frv. því að geta fengið afgreiðslu. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv. á síðasta þingi:

Flestir kaupstaðir landsins munu nú orðið eiga land það, er bæirnir eru byggðir á, og með lögum um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa frá 1941 hefur Alþingi einnig ákveðið að stefna að því, að kauptún öll eignist allar lóðir og lendur innan sinna umdæma.

Neskaupstaður er einn þeirra kaupstaða, sem enn þá ræður ekki yfir bæjarlandi sínu. Kaupstaðurinn er byggður í svo nefndu Neslandi, sem er um 29 hundruð að stærð. Af því á bæjarfélagið nú um 18 hundruð, i óskiptu landi, en um 11 hundruð eru í eigu 6—7 manna. Þessir fáu landeigendur ráða algerlega útlánum og leigukjörum á bæjarlandinu og njóta í ýmsu sérstakra hlunninda, sem þeir sjálfir veita sér.

Langur rökstuðningur fyrir þörf og réttmæti þess, að bæjarstjórnir ráði að fullu yfir landi bæjanna, er óþarfur. Sú röksemd ein skal nefnd hér, að bæjarfélögin og eins rikið auka verðmæti lóða og lendna í kaupstöðum með margvíslegum framkvæmdum, og sjá allir, hve óeðlilegt er, að einstaklingar skuli njóta þeirra verðhækkana lóðanna, sem þannig verða til.

Hið háa verð lóðanna, sem hið opinbera hefur á þennan hátt skapað, verður siðan beinlínis fjötur um fót bæjarfélaganna við ýmiss konar nauðsynlegar framkvæmdir á bæjarlandinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem hefur æ ofan í æ rekið sig á vandkvæði þess að ráða ekki yfir landi því, er bærinn er byggður á.